

Fundargerð 875. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2019, föstudaginn 25. október kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Aldís Hafsteinsdóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Hildur Björnsdóttir, Gunnar Einarsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Raket Óskarsdóttir, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir, Kristján Þór Magnússon, Jón Björn Hákonarson og Ásgerður Kristín Gylfadóttir.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri, Sigurður Ármann Snævarr sviðsstjóri og Valur Rafn Halldórsson sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð.

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir og Heiða Björg Hilmisdóttir tóku þátt í fundinum í gegnum fjarfundabúnað. Bjarni Jónsson og Eyþór Laxdal Arnalds boðuðu forföll.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

Í byrjun fundar bauð formaður Hildi Björnsdóttur velkomna á sinn fyrsta fund.

1. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga - 1909026SA

Guðný Sverrisdóttir formaður jöfnunarsjóðs, Hermann Sæmundsson, skrifstofustjóri í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu og Guðni Geir Einarsson, sérfræðingur og starfsmaður jöfnunarsjóðs komu inn á fundinn undir þessum lið og fjölluðu um reglur sjóðsins, með sérstakri áherslu á framlög fatlaðs fólks og framlög vegna jöfnunar fasteignaskattstekna.

Stjórn sambandsins þakkar fulltrúum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir komuna og þeirra erindi. Stjórnin samþykkir jafnframt að gerð verði sérstök úttekt og skoðun á framlögum vegna jöfnunar fasteignaskattstekna í samvinnu sambandsins og jöfnunarsjóðs.

2. Fundargerð 874. fundar - 1810033SA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 874. fundar stjórnar sambandsins frá 27. september 2019.

Fundargerðin var staðfest og undirrituð.

3. Jafnréttisáætlanir sveitarfélaga - 1910033SA

Lagt fram bréf Jafnréttisstofu, dags. 18. október 2019, um jafnréttisáætlanir sveitarfélaga.

Samþykkt að senda erindið til kynningar til allra sveitarfélaga og hvetja sveitarfélög sem hafa ekki sett sér jafnréttisáætlun til að gera slíkt. Jafnframt að vekja athygli sveitarfélaga á umsögn sambandsins, (mál 22 á þessum fundi) um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdáætlun í jafnréttismálum, dags. 23. október 2019.

4. Könnun meðal sveitarstjórnarfólks - 1910017SA

Lögð fram samþykkt forsætisnefndar Reykjavíkur frá 27. september 2019, vegna viðhorfskönnunar meðal kjörinna fulltrúa, ásamt meðfylgjandi tillögum forsætisnefndar og ofbeldisvarnanefndar, dags. 16. febrúar 2018. Einnig lagt fram minnisblað sviðsstjóra þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins, dags. 22. október 2019, um málið, ásamt fylgiskjali, dags. 27. maí 2019.

Samþykkt að sambandið vinni að því að viðhorfskönnunin verði framkvæmd, eigi síðar en fyrri hluta næsta árs, í samvinnu við Reykjavíkurborg, Rannsóknarsetur um sveitarstjórnarmál og sveitarstjórnarráðuneytið, í tengslum við framkvæmd aðgerðar nr. 8 í fyrirliggjandi þingsályktunartillögu um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga.

5. Endurskoðað dagatal stjórnar sambandsins - 1909023SA

Lagt fram að nýju dagatal stjórnar sambandsins fyrir árið 2020, þar sem fram kemur ný dags. landsþings sambandsins á næsta ári.

Endurskoðað dagatal stjórnar samþykkt þar sem dagsetning á landsþingi sambandsins 2020 er færð til. Landsþing sambandsins verður því haldið 26. mars 2020.

6. Fræðsla og upplýsingamiðlun um málefni fatlaðs fólks - 1909027SA

Lagt fram minnisblað lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 21. október 2019, um fræðslu og upplýsingamiðlun um málefni fatlaðs fólks (MFF).

Stjórn sambandsins þakkar fyrir þessar ítarlegu upplýsingar um fræðslu og upplýsingamiðlun um málefni fatlaðs fólks á vegum sambandsins undanfarin ár. Jafnframt telur stjórn að fullt tilefni sé til að halda áfram þessu mikilvæga fræðslustarfi næstu ár, í samvinnu við þá aðila sem láta sér málaflökk fatlaðs fólks miklu varða. Einnig óskar stjórn eftir því að starfsmenn sambandsins útfæri hugmyndir að námskeiðum til að auka kostnaðarvitund starfsfólks í félagsþjónustu og bæta samræmingu, skráningu og eftirfylgni með lögum og reglum. Minnisblað þess efnis verði lagt fyrir á næsta stjórnarfundi.

7. Samstarf og stjórnskipulag stafrænnar framþróunar sveitarfélaga - 1910010SA

Lagt fram minnisblað breytingastjóra stafrænnar þjónustu á þróunar- og alþjóðasviði sambandsins, dags. 23. október 2019, um samstarf og stjórnskipulag stafrænnar framþróunar sveitarfélaga, ásamt fylgiskjali.

Samþykkt að leita eftir samstarfi á grundvelli umfjöllunar í minnisblaðinu.

8. Tilnefning í starfshópa í tengslum við heildarendurskoðun laga nr. 10/2008 - 1910002SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til forsætisráðuneytisins, dags. 9. október 2019, þar sem Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir sem hér segir: Ellisif Tinnu Víðisdóttur, lögfræðing á kjarasviði sambandsins, sem aðalmann í starfshóp I um launajafnrétti og vinnumarkað, og Benedikt Valsson, hagfræðing á kjarasviði sambandsins, til vara.

Guðjón Bragason, sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, sem aðalmann í starfshóp II um kæruleiðir og viðurlög, og Bryndísi Gunnlaugsdóttur, lögfræðing á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, til vara.

Önnu Guðrúnu Björnsdóttur, sviðsstjóra þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins, sem aðalmann í starfshóp III um stjórnáslu og jafnréttismál o.fl., og Bjarna Ómar Haraldsson, sérfræðing á kjarasviði sambandsins, til vara.

Tryggva Þórhallsson, lögfræðing á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, sem aðalmann í starfshóp IV um bann við mismunun á grundvelli kyns, og Vigdísi Ósk Häsler Sveinsdóttur, lögfræðing á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, til vara.

9. Tilnefning í ráðgjafarhóp um þjóðaráttak í þágu forvarnarstarfs fyrir börn og ungmenni - 1909017SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 10. október 2019, þar sem Sigrún Þórarinsdóttir, skrifstofustjóri ráðgjafar við Barnavernd Reykjavíkur, og Gunnar Eysteinn Sigurbjörnsson, tómsunda- og forvarnarfulltrúi Árborgar, eru tilnefnd í ráðgjafarhóp um þjóðaráttak í þágu forvarnarstarfs fyrir börn og ungmenni. Það þeirra sem ráðherra skipar ekki verður varamaður hins.

10. Endurtilnefning í Flóttamannanefnd - 1702059SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til velferðarráðuneytisins, dags. 18. október 2019, þar sem María Ingibjörg Kristjánsdóttir, félagsþjónustufulltrúi á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, er tilnefnd sem aðalmaður í Flóttamannanefnd í stað Sigrúnar Þórarinsdóttur, sem látið hefur af störfum hjá sambandinu.

11. Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um þjóðlendur og afmörkun eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998 - 1909007SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til forsætisráðuneytisins, dags. 26. september 2019, um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um þjóðlendur og afmörkun eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, mál nr. 222/2019.

12. Umsögn um drög að reglugerð um gerð strandsvæðisskipulags - 1909008SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 1. október 2019, um drög að reglugerð um gerð strandsvæðisskipulags.

13. Umsögn um drög að reglum um fjárhagslegan stuðning við sameiningu sveitarfélaga - 1910001SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 1. október 2019, um drög að reglum um fjárhagslegan stuðning við sameiningu sveitarfélaga.

- 14. Umsögn um frumvarp um forsendur fjárlaga - 1908029SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 9. október 2019, um frumvarp um forsendur fjárlaga, 2. mál.
- 15. Umsögn um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2020 - 1909012SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til fjárlaganefndar Alþingis, dags. 10. október 2019, um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2020, 1. mál.
- 16. Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 - 1910013SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til heilbrigðisráðuneytisins, dags. 9. október 2019, um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007, mál nr. 223/2019.
- 17. Umsögn um frumvarp til laga um skráningu einstaklinga - heildarlög - 1910008SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 10. október 2019, um frumvarp til laga um skráningu einstaklinga (heildarlög), 101. mál.
- 18. Umsögn um frumvarp til laga um ráðstafanir til hagkvæmra uppbyggingar háhraða fjarskiptaneta - 1910018SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 15. október 2019, um frumvarp til laga um ráðstafanir til hagkvæmrar uppbyggingar háhraða fjarskiptaneta, 122. mál.
- 19. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988 - 1909033SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 16. október 2019, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988 (endurgreiðsla virðisaukaskatts), 26. mál.
- 20. Umsögn um drög að reglugerð um skráningaskyldan atvinnurekstur - 1908024SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 21. október 2019, um drög að reglugerð um skráningaskyldan atvinnurekstur, mál nr. 244/2019.
- 21. Umsögn um drög að frumvarpi um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir - 1907023SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 23. október 2019, um drög að frumvarpi um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, mál nr. 243/2019.

22. Umsögn um drög um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum 2020-2023 - 1907012SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 23. október 2019, um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum fyrir árin 2020-2023, 102. mál.

23. Reynsluverkefni um samkeyrslu húsnæðisbóta og sérstaks (viðbótar) húsnæðisstuðnings sveitarfélaga - 1909029SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til Íbúðalánasjóðs, dags. 25. september 2019, um reynsluverkefni um samkeyrslu húsnæðisbóta og sérstaks (viðbótar) húsnæðisstuðning sveitarfélaga, ásamt skýrslu samráðsnefndar velferðarráðuneytisins um húsnæðismál, dags. í júlí 2018.

24. Grænbók - stefna um málefni sveitarfélaga - 1910031SA

Lögð fram til kynningar samþykkt sveitarstjórnar Langanesbyggðar frá 17. október 2019, um Grænbók, umræðuskjal um stefnumótun í málefnum sveitarfélaga.

25. Ályktun frá Heimili og skóla - landssamtaka foreldra - 1910012SA

Lögð fram til kynningar ályktun frá Heimili og skóla - landssamtökum foreldra, dags. 4. október 2019, um öryggi í skólum og reglur um fræðslu fyrir börn og ungt fólk.

Fundi var slitið kl. 14:20

Aldís Hafsteinsdóttir

Heiða Björg Hilmisdóttir

Pórdís Lóa Þórhallsdóttir

Hildur Björnsdóttir

Gunnar Einarsson

Guðmundur Ari Sigurjónsson

Rakel Óskarsdóttir

Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir

Kristján Þór Magnússon

Jón Björn Hákonarson

framkvæmdastjóri

ritari